



## Leiðandi hagvísir Analytica – Aukið aflaverðmæti drifur hækkun


Leiðandi hagvísir Analytica (e. Composite Leading Indicator) hækkaði um 0,3% í ágúst í kjölfar fjögurra mán. samfelldrar lækkunar. Hins vegar voru gildi fyrir fyrri mánuði endurskoðuð niðurávið. Hagvísirinn bendir enn til að hægja sé á hagvexti niður á eðlilegra stig.

Þrjár af sex undirliðum hækka frá í júlí. Eftir að leiðrétt er fyrir áhrifum árstíðasveiflu og langtímaleitni mælist aukning í verðmæti fiskafla, innflutningi og heimsvísitölu hlutabréfa. Aukið verðmæti fiskafla hefur mest áhrif til hækkingar hagvísisins. Langtímauppleitni mikilvægra undirþátta er enn sterk. Áfram eru áhættuþættir í ytra umhverfi sem ógnað gætu hagvexti einkum tengdir stöðunni í alþjóðastjórnámálum. Langvinn stjórnarkreppa í kjölfar þingkosninga í lok okt. gæti einnig haft neikvæð áhrif.

Hagvísirinn er vísitala sem gefur vísendingu um efnahagsumsvif að sex mánuðum liðnum. Það er hlutverk vísitölnunnar að veita skýra sýn á efnahagshorfur og vara tímanlega við viðsnúningi í efnahagsumsvifum. Vísitalan er reiknuð á grundvelli sömu aðferðafræði og annars staðar þar sem sambærilegar vísitölur eru reiknaðar en sérstaklega er tekið mið af verklagi OECD.

### Mynd 1. Leiðandi hagvísir Analytica og verg landsframleiðsla – frávik frá leitni

Langtímaleitni = 100




Þróun leiðandi hagvísis Analytica er sýnd á mynd 1 (blár ferill) ásamt þróun vergrar landsframleiðslu (VLF - brotinn ferill). Reynslan er sú að leiðandi hagvísir er að jafnaði um 6 mán. á undan þróun landsframleiðslu.

Á mynd 1 er grár þríhyrningur sem gefur til kynna mat á vendipunkti í leiðandi hagvísinum til lækkunar sem mælist í mars 2016. Á myndinni er einnig sýndur brúnn þríhyrningur sem á við vendipunkt í fráviki vergrar landsframleiðslu frá langtímaleitni. Sá vendipunktur er tímasettur í nóv. sl. eða 8 mánuðum á eftir vendipunkti leiðandi hagvísis.

Á mynd 2 má sjá spá Analytica um þróun landsframleiðslu sem byggð er á leiðandi hagvísni eftir að búið er að hliðra hagvísinum fram um sex mánuði. Tilgangur myndarinnar er að setja leiðandi hagvísni Analytica sem birtur er á mynd 1 í samhengi við landsframleiðslu. Eins og sjá má reyndist vöxtur landsframleiðslu á 3. og 4. ársfj. nokkru meiri en ætla mátti út frá þróun hagvísisins en samdráttur á 1. og 2. ársfj. bendir til aðlögunar að langtímaleitni. Undirliggjandi langtímauppleitni er áfram sterk.

## Mynd 2. Verg landsframleiðsla (VLF) og spá Analytica fram á árið 2018

Ma. kr. pr. mán. - Verðlag 2005



Ath.: VLF tölur Hagstofu Íslands fyrir 2015, 2016 og 2017 eru bráðabirgðatölur.

Á mynd 2 er búið að deila ársfjórðungslegum tölum Hagstofu Íslands um landsframleiðslu niður á mánuði. Tölurnar eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. Með árstíðaleiðréttunni er leiðrétt fyrir sveiflum sem hafa tilhneigingu til að endurtaka sig á sama tíma árlega. Með jöfnuninni eru síðar burt óreglulegar skammtímasveiflur í því skyni að auðveldara sé að bera kennsl á undirliggjandi þróun.

Leiðandi hagvísir Analytica er samansettur úr sex undirþáttum af mismunandi toga. Um er að ræða aflamagn, debetkortaveltu, ferðamannafjölda, heimsvísitölu hlutabréfa, innflutning og væntingavísitölu Gallup. Í ágúst hækka tveir af sex undirþáttum frá fyrra ári. Frá í júlí hækka hins vegar þrír af sex undirþáttum. Sjá viðauka, myndir V1 og V2.

Hugmyndin að baki vísitölunni er sú að framleiðsla hefur aðdraganda. Vísitalan er reiknuð á grundvelli þátta sem mælast í upphafi framleiðsluferilsins og/eða veita vísbendingar um eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Til að unnt sé að auka framleiðslu þarf t.d. að afla aðfanga og stofna til fjárfestinga.

Einstök gildi leiðandi hagvísis Analytica hafa verið endurskoðuð en það er afleiðing nýrra gilda fyrir undirþætti og þeirrar aðferðafræði sem notuð er við útreikninginn, þ. á m. endurmats á langtímaleitni. Hagvísirinn gefur áfram vísbendingu um hagvöxt yfir langtímaleitni næstu mánuði.

Leiðandi hagvísir Analytica hækkar um 0,3% í ágúst og tekur gildið 99,6, sjá töflu 1. Sú tala á að gefa vísbendingu um framleiðslu sex mánuðum síðar þ.e. í feb. 2018. Hagvísirinn tekur gildið 100 þegar búist er við að landsframleiðsla sé í takt við langtímaleitni.

**Tafla 1. Leiðandi hagvísir Analytica 2016-2017**







	Vísitala	Breyting (%)		Vísbending fyrir
		í mánuði	frá fyrra ári	
<b>2016</b>				
ágúst	101.2	0.0%	0.7%	feb. 2017
september	101.1	0.0%	0.5%	mars
október	101.0	-0.2%	0.3%	apríl
nóvember	100.7	-0.3%	-0.2%	maí
desember	100.3	-0.3%	-0.8%	júní
<b>2017</b>				
janúar	100.1	-0.3%	-1.2%	júlí
febrúar	100.1	0.0%	-1.2%	ágúst
mars	100.2	0.1%	-1.0%	sept.
apríl	100.1	-0.1%	-1.1%	okt.
maí	99.8	-0.3%	-1.4%	nóv.
júní	99.4	-0.4%	-1.7%	des.
júlí	99.3	-0.2%	-1.9%	jan. 2018
ágúst	99.6	0.3%	-1.6%	feb.

Birting leiðandi hagvísis Analytica fyrir september er áformuð þann 18/10 2017.

**Nánari upplýsingar veitir Yngvi Harðarson hagfræðingur**  
**Sími: 527 8890 – Tölvupóstur [yngvi@analytica.is](mailto:yngvi@analytica.is)**

## Mynd V1 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Prósentubreyting frá fyrra ári \*



**Skýringar:**

Debetkortavelta: Debetkortavelta heimila í verslun innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannaþjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.







**Heimildir:**

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Thomson Reuters, útreikningar Analytica ehf.

\* Ekki frávik frá leitni viðkomandi þáttar

## Mynd V2 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Frávik frá langtímaleitni

Skýringar:

Debetkortavelta: Debetkortavelta innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannaþjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurlflugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Thomson Reuters, útreikningar Analytica ehf.

## Um Analytica

Analytica ehf. er óháð ráðgjafarfirmi á sviði efnahags- og fjármála með áherslu á ráðgjöf um fjár- og áhættustýringu til fagfjárfesta. Sérstaða fyrirtækisins liggur í áratuga reynslu og sérþekkingu starfsmanna.

Framkvæmdastjóri og stofnandi fyrirtækisins er Yngvi Harðarson hagfræðingur.

Yngvi er fæddur árið 1960. Hann er með MA gráðu í hagfræði frá Queen's University of Kingston í Kanada með áherslu á hagrannsóknir og peningamálahagfræði. Að auki er hann með próf í utanríkisverslunarfræðum frá Yrjö Jahnsson Foundation í Helsinki og CMT gráðu í tæknigreiningu frá Market Technicians Association í N.Y. Þá er Yngvi með próf í verðbréfa- viðskiptum. Yngvi hóf starfsferil sinn hjá Þjóðhagsstofnun árið 1988. Hann varð hagfræðingur Félags íslenskra iðnrekenda árið 1990. Yngvi stofnaði ásamt Sverri Sverrissyni fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. árið 1993, sem sérhæfði sig í áhættu- og skuldastýringu. Árin 2007 og fram til júlí 2010 gegndi Yngvi stöðu framkvæmdastjóra hjá Askar Capital hf. fjárfestingarbanka.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins <http://www.analytica.is>